



MANNRÉTTINDASTEFNA

Stefna þessi á við um Alcoa um allan heim og öll dótturfyrirtæki þess á alþjóðavettvangi og í Bandaríkjunum, hlutdeildarfélag, samstarfsaðila, áhættufyrirtæki og önnur viðskiptatengsl sem eru undir virkri stjórn Alcoa, beint eða óbeint (saman nefnt „fyrirtækið“) og alla forstjóra, stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins.

Alcoa Corporation („Alcoa“) viðurkennir ábyrgð sína að virða mannréttindi. Það er undirstöðuatriði varðandi framtíð fyrirtækisins og þau samfélög þar sem við störfum. Við höfum einsett okkur að sýna fólk virðingu hvarvetna í fyrirtækinu.

Gildin okkar (heilindi, árangur, umhyggja og hugrekki) leggja grunninn að ákvörðunum okkar, aðgerðum og hegðun. Þau eru alþjóðlegt tungumál – sem hafið er yfir menningarmun og landamæri. Að lifa eftir gildum okkar krefst þess að við stöndumst ströngustu staðla í fyrirtækjahegðun á öllum sviðum viðskipta á öllum landsvæðum heimsins.

Alcoa fylgir alþjóðlegum mannréttindastöðlum sem settir eru fram í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og greindir eru í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, yfirlýsingu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu, hnattrænu samkomulagi SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.

Alcoa fylgir öllum viðeigandi alþjóðlegum og staðbundnum löglegum kröfum í þeim löndum þar sem fyrirtækið starfar. Í þeim tilvikum þar sem staðbundin lög stangast á við meginreglurnar sem settar eru fram í þessari mannréttindastefnu, fer Alcoa að staðbundnum kröfum en leitast jafnframt við að framfylgja meginreglunum sem tiltekna eru í stefnu þessari.

Við leitumst við að hafa jákvæð áhrif á mannréttindi og greinum árlega frá framlagi okkar til markmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í sjálfbæriskýrslu okkar.

MEGINREGLUR

Heilsa og öryggi

Við vinnum um allan heim á öruggan og ábyrgan hátt, með virðingu fyrir heilsu starfsmanna okkar, viðskiptavina, birgja, verktaka og samfélagsins þar sem við störfum. Fyrirtækið býður upp á öruggan og heilsusaman vinnustað, fylgir viðeigandi lögum um öryggi og heilsu, reglugerðum og innri kröfum. Fyrirtækið mun ekki fórna heilsu eða öryggi á vinnustað fyrir ágóða eða framleiðni.

Nauðungarvinna, mansal og vinnutími

Við teljum að fólk ætti að vinna vegna þess að það þarf þess eða langar til en ekki af þeirri ástæðu að það er þvingað til þess. Alcoa leggur bann við hvers konar nauðungarvinnu, þar með talið vinnu fanga, skuldaþrælkun, hernaðarvinnu, þrælavinnu og allar birtingarmyndir mansals. Vinnutími starfsfólks Alcoa er í samræmi við landslög og gildandi kjarasamninga.

Traust vinnuumhverfi og jafnrétti

Við leitumst við að bjóða upp á öruggan og traustan vinnustað sem er án aðgreiningar og laus við áreitni, einelti, móðgandi eða ruddalega hegðun. Alcoa álitur að allar ákvarðanir varðandi vinnu einstaklinga skuli teknar með sanngirni og jafnrétti að leiðarljósi og ákvarðanirnar skuli byggjast á hæfni þeirra og starfsreynslu.

Meðtalning og fjölbreytileiki

Við leitumst við að bjóða vinnustað þar sem traust og virðing ríkir og starfsmenn eru allir taldir með, enginn skilinn eftir útundan, og þessi sýn okkar endurspeglar fjölbreytileikann í þeim samfélögum þar sem við störfum. Með því að byggja upp hæfileikaríkt og fjölbreytt starfslið styrkjum við



MANNRÉTTINDASTEFNA

fyrirtækið okkar og samkeppnishæfni þess. Sérhvert okkar hefur mikilvægu hlutverki að gegna í að skapa opinn vinnustað án aðgreiningar, þar sem hver einasti einstaklingur getur frjállega lagt sitt af mörkum til velgengni Alcoa. Við tökum með opnum örmum mismunandi bakgrunni, menningu og viðhorfum vinnufélaga okkar og kunnum að meta sérkenni hvers annars.

Börn og ungmenni

Ráðningar hjá fyrirtækinu eru í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um lágmarksaldur og barnavinnu. Við förum eftir öllum gildandi landslögum og reglugerðum varðandi ráðningar barna, við ráðum ekki börn í vinnu og líðum ekki barnavinnu. Við hvetjum einnig til menntunar-, þjálfunar- og iðnnámsáætlana sem tengjast formlægri menntun ungmenna.

Laun

Við greiðum starfsmönnum samkeppnishæf laun í sambærilegum iðnaði á almennum vinnumarkaði í viðkomandi landi og höfum sett okkur að greiða mannsæmandi laun sem hægt er að lifa af. Launastefna okkar er vel kynnt fyrir starfsmönnum og við vinnum í fullu samræmi við gildandi lög um laun, vinnutíma, yfirvinnu og önnur kjör.

Félagafrelsi og almennir kjarasamningar

Við virðum rétt starfsmanna okkar til að stofna til stéttarsamtaka og ganga í þau, eða ekki ganga í þau, án þess að óttast hefndaraðgerðir, ógnun eða áreitni. Þegar starfsmenn okkar tilheyra viðurkenndu stéttarfélagi leggjum við okkur fram við að koma á uppbyggilegum viðræðum við fulltrúa þess sem kosnir hafa verið í frjálsum kosningum. Alcoa hefur einsett sér að semja í góðri trú við fulltrúa stéttarfélaga.

Samfélagstengsl

Við kunnum að meta og virðum fjölbreytileika, menningu, siði og gildi fólksins í þeim samfélögum þar sem við störfum og tökum til greina þarfar þess, áhyggjuefni og kappsmál varðandi arfleifð þess og hefðir. Jafnframt gerir fyrirtækið sér grein fyrir áhrifum starfsemi sinnar á þessi samfélög. Við höfum skuldbundið okkur til þess að vinna með hagsmunaaðilum í þessum samfélögum til að tryggja að við hlustum á sjónarhorn þeirra, lærum af því og tökum það til greina í daglegum rekstri. Þar sem því verður við komið, á fyrirtækið samræður við hagsmunaaðila um mannréttindamál sem tengjast okkar rekstri. Við teljum að best sé að ræða staðbundin málefni í viðkomandi sveitarfélagi. Við höfum líka einsett okkur að skapa efnahagsleg tækifæri og hlúa að viðskiptavild í þeim samfélögum þar sem við störfum með margvíslegum framtaksverkefnum.

Við hvetjum hagsmunaaðila á hverjum stað til þess að tilkynna og láta í ljós áhyggjuefni sín varðandi starfsemi okkar. Við erum ávallt með [Heilindalínu Alcoa](#) opna fyrir þá hagsmunaaðila sem vilja tilkynna um áhyggjuefni sín. Ef grunur leikur á að viðskiptastarfsemi okkar hafi valdið eða stuðlað að því að vegið sé að mannréttindum, munum við rannsaka málið, bregðast við þeim áhyggjum sem upp hafa komið og grípa til viðeigandi úrbóta til að bregðast við öllum rökstuddum ásökunum.

Öryggi á vinnustað

Við viljum bjóða upp á vinnustað sem er án ofbeldis, áreitni, kúgunar og annars atferlis sem veldur óöryggi og röskun í umhverfinu vegna innri og ytri ógnunar. Við útvegum öryggisvarnir fyrir starfsmenn eftir þörfum og höldum þeim við til að tryggja friðhelgi einkalífsins og mannlega virðingu. Við munum stuðla að og krefjast mannréttindaverndar fyrir alla sem eiga í samskiptum við einka- og opinberar öryggissveitir sem eru notaðar eða starfandi hjá fyrirtækinu.

Umhverfi

Alcoa hefur skuldbundið sig til að virða og vernda umhverfið hvar sem við erum staðsett. Við munum ekki skerða þá skuldbindingu okkar fyrir hagnað eða framleiðslu. Við bregðumst af



MANNRÉTTINDASTEFNA

heiðarlegum og ábyrgum hætti við spurningum og áhyggjum um umhverfisaðgerðir okkar og áhrif starfsemi okkar á umhverfið og hýsingarsamfélög okkar. Sérstaklega höfum við metnað í átt að núllkolefnislosun fyrir árið 2050 í samræmi við alþjóðlega viðleitni til að draga úr loftslagsbreytingum.

Persónu- og gagnavernd

Við leggjum áherslu á að vernda persónuupplýsingar allra einstaklinga, að líta á gögn sem verðmæta eign fyrirtækisins og draga úr hættunni á óæskilegum aðgangi að gögnum, að gögn tapist eða séu notuð á óviðeigandi hátt. Alcoa hefur sett sér þá stefnu að fylgja gildandi persónuverndarlögum í hverju landi sem fyrirtækið starfar og hefur skuldbundið sig til að safna, vinna og flytja persónuupplýsingar á ábyrgan hátt og í samræmi við þær grunnreglur og kvaðir sem tiltekna eru í persónuverndarstefnu Alcoa svo framarlega sem þær stangast ekki á við strangari lagasetningu í viðkomandi landi.

Birgjar, verktakar og sameiginleg fyrirtæki

Við væntum þess að birgjar okkar, verktakar og hlutdeildaraðilar í tengdum fyrirtækjum komi fram við starfsmenn og fulltrúa samfélagsins með virðingu fyrir mannréttindum þeirra og í þeim anda sem endurspeglast í þessari stefnu. Við krefjumst þess að birgjar okkar, verktakar og hlutdeildaraðilar í tengdum fyrirtækjum fari eftir settum landslögum og hvetjum þá til að tileinka sér grunnreglur Alþjóðavinnnumálastofnunarinnar. Við höfum einnig samráð við birgja okkar, verktaka og hlutdeildaraðila í tengdum fyrirtækjum til að tryggja að mannréttindi séu í heiðri höfð. Við höfum komið okkur upp verklagi og viðhaldið því við val á birgjum, verktökum og samstarfsaðilum í tengdum fyrirtækjum, en það byggist á gildunum okkar, mannréttindastefnu og birgjastöðlum.

Framkvæmd

Mannréttindastjórnunarstaðall Alcoa

Mannréttindastjórnunarstaðall Alcoa innleiðir mannréttindastefnuna. Þessi staðall krefst þess að allar starfsstöðvar Alcoa greini, komi í veg fyrir, draga úr og tilkynna um raunveruleg eða hugsanleg mannréttindaáhrif vegna viðskiptastarfsemi þeirra. Í staðlinum eru settar fram kröfur um skilvirkar úrbætur ef Alcoa veldur eða stuðlar að raunverulegum áhrifum varðandi mannréttindi.

Nálgun Alcoa við mannréttindastjórnun er að samþætta þennan staðal inn í öll viðeigandi ferli.

Mannréttindaráð Alcoa ber ábyrgð á því að hafa umsjón með framkvæmd mannréttindastefnunnar í gegnum mannréttindastjórnunarstaðalinn.

Áreiðanleikakönnun og þjálfun

Við metum stöðugt og endurskoðum hvernig við getum bætt verklag okkar hvað mannréttindi varðar. Við höfum ásett okkur að framkvæma stöðugt áreiðanleikakönnun á mannréttindamálum okkar og vinna með helstu hagsmunaaðilum okkar víðsvegar um heim til að bæta þau stöðugt. Við munum þróa og innleiða fræðsluefni um þessa stefnu fyrir starfsmenn og viðskiptaaðila og gera árlega skýrslu um framvinduna sem hluta af alþjóðlegri sjálfbæriskýrslu Alcoa.

Skýrslugjöf

Við erum staðráðin í að bera kennsl á, koma í veg fyrir og draga úr skaðlegum mannréttindaáhrifum sem tengjast starfsemi okkar með því að viðhalda kærakerfi sem er gagnsætt og aðgengilegt í öllum samfélögum þar sem við störfum.

Ef þér finnst vera misræmi í orðalagi stefnu þessarar og laga, siða og háttá þíns vinnustaðar eða lands, ef þig langar að spyrja einhvers varðandi stefnuna eða ef þú vilt tilkynna hugsanlegt brot á henni, skaltu koma þeim spurningum eða áhyggjuefni á framfæri gegnum heilindahjálparkeðjuna, en í henni eru m.a.: Leiðtogi þinn, yfirmaður í framkvæmdastjórn, mannauðsteymi, lögfræðiteymi,



MANNRÉTTINDASTEFNA

heilindafulltrúinn þinn, siðareglur og reglufylgni, Heilindalínan eða alþjóðleg neyðarlína Alcoa (sími +44-20-37452579 (í Bretlandi) eða +1-412-535-5194 (í BNA)).

Úrræði

Áhyggjuefni verða tafarlaust tekin til meðferðar af óhlutdrægni og í fullum trúnaði. Við leggjum áherslu á að útvega skilvirk úrræði hvenær sem mál varðandi mannréttindi koma upp. Við erum stöðugt að bæta þær aðferðir sem stjórnendur geta gripið til í þeim tilgangi að bera kennsl á slík mál og bregðast við því sem miður fer. Þá erum við stöðugt að auka skilning og þekkingu starfsmanna okkar á mannréttindamálum og hvetjum þá til að tilkynna um áhyggjuefni sín án ótta við hefndaraðgerðir. Stefna Alcoa gegn hefndaraðgerðum setur strangt bann við hefndaraðgerðum gagnvart einhverjum sem tilkynnir atvik í góðri trú.

Skýrslugerðir fyrir utanhússaðila

Við gerum mannréttindastjórnun okkar skil á alþjóðlega vísu í gegnum árlega sjálfbærnisráðgjafanefndir samfélagsins eða aðrar staðbundnar skýrslugerðir.

Hvert leitar þú eftir svörum við spurningum?

Vinsamlegast sendu mannréttindaráð Alcoa á HumanRightsCouncil@alcoa.com.